

Alaskalúpína - *Lupinus nootkatensis*

Alaskalúpínan er uppruninn í Norður-Ameríku en talið er að hún hafi fyrst verið flutt hingað sem garðaplanta rétt fyrir 1900. Um miðbik 20 aldar voru flutt hingað fræ og rætur af tegundinni og upp frá því var farið að nota hana til landgræðslu. Alaskalúpína framleiðir mörg fræ sem geta lifað í jarðvegi í nokkur ár en einnig eru dæmi um að hún fjölgi sér með rótarskotum. Vaxtarhraði lúpínunnar er mikill, hún eykur frjósemi jarðvegs og þannig breytir hún því landi sem hún nemur. Vegna þessara eiginleika er alaskalúpínan öflug landgræðslujurt en á sama tíma er hún ráðandi tegund. Víða á landinu hefur alaskalúpínan breiðst inn á hálf- eða vel gróið land og orðið ríkjandi í gróðri.



Mynd 1. Alaskalúpína í Hrísey. Mynd Hörður Kristinsson.

Sauðfjárbreit heldur útbreiðslu alaskalúpínu niðri en þar sem beit minnkar eða hættir getur útbreiðsla hennar orðið mjög mikil. Langtímarannsóknir á áhrifum alaskalúpínu á Norðausturlandi benda til að við friðun muni hún sækja mjög inn á gróna lyngmóa sem eru fjölbreyttir að gróðri og dýralífi. Tegundir sem þar voru fyrir hörfa og láta undan en lúpínan virðist þrífast þar vel og sýnir lítil merki um hörfun. Á þurrum, rýrum og gróðursnauðum melum, hinsvegar, nær hún að auka frjósemi jarðvegs og tegundafjölbreytni. Þar virðist hún hörfa fyrir en í mólendinu, líklega vegna lítils raka á melunum á meðan hún sækir í þann raka sem gróna mólendið geymir.

Reyting – stakar plöntur

- Best er að fjarlægja stakar plöntur með því að rífa þær upp með rótum. Mikilvægt er að gera það áður en fræ ná að þroskast. Til að koma í veg fyrir rótarskot þarf að fjarlægja og eyða plöntunum.

Sláttur – breiður

- Best er að slá lúpínuna í upphafi blómgunar. Þá er forðinn í rótinni minnstur og mestar líkur á að drepa plöntuna.
- Endurtaka þarf slátt í einhver ár.

- Til að hefta útbreiðslu stórra breiða er best að slá þann jaðar sem æskilegast er að stoppa fyrst. Endurtaka þarf slátt að ári og slá þá aðeins stærra svæði inn í breiðuna og svo koll af kolli.

Mikilvægt er að:

- Koma í veg fyrir frekari dreifingu alaskalúpínu með því að eyða strax stökum plöntum og smáum breiðum.
- Fjarlægja plöntur við vötn, ár og læki til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með vatni.
- Fjarlægja plöntur í vegköntum til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með bílum.
- Koma í veg fyrir að fræ berist með jarðvinnsluvélum milli svæða.
- Skrá staðsetningu stakra plantna og fylgjast með hvort þær hafi náð að sá sér og dreifa fræjum í kring. Best er að eyða unglöntum jafnóðum.

Heimildir:

<http://agengar.land.is/index.php/agengar-tegundir/lupina>

<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2018/NI-18005.pdf>